

**Nd.**

### **163. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um sönnun fyrir dauða sætýndra manna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um, að nauðsyn beri til að bæta úr þeim vandkvæðum, með lögum, sem verið hafa á því að færa sönnur á það, að menn hafi farist á sjó, þótt alkunna sje, að þeir hafi farist, en nefndin álitur, að þessum lögum beri einnig að ná til þeirra manna, sem vitanlegt er um, að komist hafa í lífsháska á landi og eigi koma fram. (Sbr. 3. gr. brtt.). Hins vegar er nefndinni það ljóst, að beita verði þessu með mestu varkárni, og ganga sumar greinar brtt. í þá átt að tryggja það sem best, t. d. 8. gr.

Að öðru leyti miða brtt. nefndarinnar mest að því að samræma efni frv. við önnur lagafyrirmæli.

Nánar á framsögu.

### **BREYTINGARTILLÖGUR:**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefir ekkert spurst til skips, sem stundaði fiskveiðar eða var í inn-  
anlandssiglingum, svo lengi, að það hefði, að öllu forfallalaus, getað lokið ferð  
sinni á helmingi styttri tíma, og má þá fá úrskurð um, að þeir menn, sem á  
skipinu voru, skuli taldir dauðir, þó eigi fyr en liðnir eru 6 mánuðir frá því,  
er spurðist til skipsins síðast.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Nú hverfur maður af skipi í hafi, og mönnum er ókunnugt, hversu  
það bar að eða hvað olli, og má þá fá úrskurð um, að hann skuli talinn  
dauður, þá er liðnir eru að minsta kosti 6 mánuðir frá hvarfi hans og ekkert  
hefir til hans spurst.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Nú hverfur maður hjer á landi og vita menn til þess, að hann hefir  
komist í lífsháska, svo sem hrept illviðri á ferðalagi eða lent í öðrum þeim  
hættum, er allar líkur þykja til að honum hafi grandað, og má þá fá úrskurð

um, að hann skuli talinn dauður, ef ekkert hefir til hans spurst í 6 mánuði frá því, er hann komst í lífsháskann.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Úrskurðar um, að maður skuli talinn dauður, getur hver sá krafist, sem hefir löglegra hagsmuna að gæta við andlát hans.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Úrskurður um, hvort horfinn maður skuli talinn dauður, á undir hjeradsdómara, þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing. — Nú hverfur maður af skipi, sem gert var út í öðru lögsagnarumdæmi, og á þá málið undir úrskurð þess hjeradsdómara.

Þeim, sem leita vill úrskurðar, ber að snúa sjer til dómara með skriflega beiðni, og sje þar nákvæmlega tiltekið nafn og aldur þess, sem horfinn er, og sem nákvæmastar upplýsingar um hann, nánustu ættingja hans, tildrög-in að hvarfi hans, þau er menn vita, hvenær síðast spurdist til hans o. s. frv.

Dómara ber af sjálfsdáðum að rannsaka málið og afla þeirra gagna, sem nauðsynleg þykja til að geta lagt úrskurð á það. Getur hann kvatt úrskurðarbeiðanda fyrir rjett, til þess að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Rjettargjöld skulu engin greidd í hjeraði, og fer um meðferð málsins eftir reglunum um meðferð opinberra mála, að því leyti sem þær eiga við.

Þegar dómari hefir athugað alla málavexti og honum þykir sýnt, að sá, sem horfinn er, muni ekki vera á lífi, úrskurðar hann, að hann skuli talinn dauður.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ef svo er ástatt, sem getur í 1. gr., skal álitid, að dauðann hafi að höndum borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, sem skipið hefði að fortallalausú þurft til ferðar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurdist til þess, þyki ekki annar dagur sennilegri.

Sje svo ástatt, sem getur í 2. gr., skal dánardagurinn talinn dagur sá, er mannsins var saknað af skipinu.

Ef svo er ástatt, sem getur í 3. gr., skal telja dauðann hafa borið að höndum á þeim tíma, er maðurinn rataði í lífsháskann.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Nú hafa fleiri menn saman ratað í lífsháska, og svo verður álitid, að þeir hafi farist, og skal þá telja, að þeir hafi látist samtímis.

8. Á eftir 7. gr. komi 4 nýjar greinar:

a. Úrskurði hjeradsdómara má áfrýja til æðri rjettar innan 6 mánaða frá útgáfudegi hans, og hafa sömu menn rjett til þess að krefjast áfrýjunar sem þeir, er kröfu hefðu átt um úrskurð, svo og dómsmálaráðherra, enda skal hjeradsdómari ávalt senda honum tafarlaust afrit af úrskurði og málsskjölum.

Um meðferð málsins í æðra rjetti fer eftir reglum um meðferð opinberra mála, að því leyti sem þær eiga við.

Nú er úrskurður staðfestur í æðra rjetti, og skal þá sá, sem krafðist

áfryjunar á honum til breytingar, bera áfryjunarkostnaðinn, en ella greiðist hann af almannafje.

b. Nú er úrskurður um, að maður skuli talinn dauður, fenginn fyrir vitandi rangar skýrslur, og á þá, að undangenginni löglegri málssókn, að dæma þann eða þá, sem reynast sekir um þetta, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað og tjón, sem af úrskurðinum leiddi.

c. Ákvæði þessara laga koma þá aðeins til framkvæmda, er lát horfins manns verður ekki sannað á annan hátt, og kemur úrskurður eftir lögum þessum að öllu leyti í stað löglegs dánarvottorðs.

d. Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. Fyrirsögn orðist svo:

Frumvarp til laga um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má, að farist hafi af slysum.

Alþingi, 27. mars 1922.

Stefán Stefánsson, Jón Þorláksson. Gunnar Sigurðsson,  
form. framsögum.

Björn Hallsson. Einar Þorgilsson.